

Mánudaginn 13. janúar, kl. 15:00
Austurstræti 5, 101 Reykjavík

Mættir eru: Anna Jóhannsdóttir (Listasafn Íslands), Margrét Elísabet Ólafsdóttir (Listfræðafélag Íslands), Katrín Elvarsdóttir (SÍM), Hlynur Helgason (SÍM), Auður Jörundsdóttir forstöðumaður Myndlistarmiðstöðvar og Tinna Guðmundsdóttir, verkefnastjóri Myndlistarmiðstöðvar sem ritar fundargerð. Ásdís Spanó boðaði forföll.

Fundargerð:

1. Fundargerðir síðustu funda
 - Fundargerð frá 27. nóvember 2024 samþykkt.
 - Fundargerð frá 9. desember 2024 samþykkt.
 - Fundargerð frá 6. janúar 2025 samþykkt.
2. Fjárhagsáætlun 2025
 - Auður kynnir fjárhagsáætlun fyrir 2025. Lagt fram til kynningar.
 - Ráðið ákveður að úthluta 38.000.000 kr. í vorúthlutun myndlistarsjóðs 2025.
3. Myndlistarsjóður, vorúthlutun 2025
 - Verkáætlun fyrir vorúthlutun 2025. Lagt fram til kynningar.
 - Tinna greinir frá því að allt sé tilbúið til að opna fyrir umsóknir. Einnig er búið að uppfæra umsóknareyðublaðið samkvæmt ábendingum eftir síðustu umsóknarlotu, þ.e. að upphæðir styrkja séu tilgreinar, hvort umsækjandi hljóti starfslaunum og að hvetja umsækjendur til að senda inn ítarlegri kostnaðaráætlun. Ennfremur þarf að biðja umsækjendur um bankaupplýsingum. Nýverið tók Fjársýslan upp á nýju verklagi varðandi afgreiðslu styrkja og þarf framvegis að senda með bankaupplýsingar þegar úthlutun hefur átt sér stað, í þartilgerðu skuldbindingarskjali. Tinna bendir á að út af þessum breytingum er mjög skilvirkt að taka upp nýtt verklag við afgreiðslu styrkja og borga styrki strax út til styrkþega að úthlutun lokinni. Hægt sé að bjóða upp á möguleikan að fresta greiðslu, sé þess óskað.
 - Myndlistarráð samþykkir að styrkir séu greiddir út strax að úthlutun lokinni.
 - Tinna greinir frá því að Stafrænt Ísland hefur sent ábendingu um að myndlistarsjóður sem ríkisaðili, skuli senda skjöl í stafrænt pósthólf, skv. Lögum um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda 105/2021. Samstarfsumsókn hefur verið send til Stafræns Íslands, í gegnum ráðuneytið, og stefnt að því að senda svarbréf framvegis gegnum stafrænt pósthólf.
 - Að lokum þá bendir Tinna ráðinu á að vegna þess að Íslykill hefur verið lagður niður geta lögaðilar ekki skráð sig lengur inn á umsóknargátt sjóðsins og geta þar af leiðandi ekki sent inn umsókn eða skoðað vistuð gögn á "Mínum síðum". Nú geta eingöngu einstaklingar geta skráð sig þar inn. Til að hafa yfirsýn yfir greinargerðir hefur Tinna byrjað að taka saman yfirlit styrkja til lögaðila sl. ár.

4. Matskvarði umsókna í myndlistarsjóð
 - Ráðið samþykkir matskvarða.
 - Tinna mun birta hann á vefsíðu sjóðsins og bæta við auglýsinguna um vorúthlutun að umsækjendum sé bent á að kynna sér matskvarða myndlistarráðs.
5. Íslensku myndlistarverðlaunin 2025
 - Verðlaunaathöfnin verður fimmtudaginn 20. mars í lðnó.
 - Margrét Elísabet Ólafsdóttir tekur að sér að skrifa texta um heiðursverðlaunahafann.
6. Önnur mál
 - Engin önnur mál.

Fundi slitið 16:45

Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 26. febrúar 2025 kl. 15:00

Þarnæsti fundur verður haldinn mánudaginn 31. mars 2025 kl. 15:00